

## Frá formanni.

Fyrir þá sem á annað borð hafa gaman af fjárhundakeppni er ansi lítið að hafa bara eina keppni á ári.

Það er hart að hafa lagt vinnu í að temja hund, fara með hann í keppni og lenda í því fyrri óheppni eða minniháttar mistök að allt fari úrskeiðis og geta síðan ekki farið með hundinn aftur í keppni fyrr en að ári. Þessar þrjár keppnir sem verða í sumar eru algjört lágmark. Þeim mun fleiri keppnir þeim mun betra. Best væri að smalahundafélagið yrði svæðisskipt [í hverjum fjórðungi eru mörg hestamannafélög]. Það mætti þess vegna vera eins mörg smalahundafélög og það er áhugi fyrir að stofna.

Það kerfi sem fjárhundakeppnir eru dæmdar eftir er byggt á innsýn glöggra fjármanna. Þó dómskerfið og dómariinn komi frá Skotlandi á það ekkert síður við hér en þar. Þeir hundar sem sýna vönduðustu vinnubrögðin fá hæstu einkunn.

Ég hef oft lent í að elta erfiðar kindur [fjallafálur] í erfiðu landi, og trúið mér, ef hundarnir gera mistök og fara of nálægt fénu á leiðinni fyrir það þá er eins líklegt að hópurnir klofni eða kindurnar náí að hlaupa í kletta. Það sem hefði átt að vera auðvelt verður erfitt eða tekst alls ekki. Í fjárhundakeppni fær hundur sem fer fallega fyrir hópinn sem hann er að ná í 20 stig. Hundur sem fer of nálægt þegar hann fer að ná í hópinn fær sárafá stig þó svo að hann náí í kindurnar.

Ný-Sjálensku rekstrarhundarnir mínir fara fyrir kindur og ná í þær en þeir fengju ekki háa einkunn í fjárhundakeppni ætlaðri Border Collie hundum. Vinnulag þeirra er þannig að þó þeir séu mjög góðir að vinna að stórum hópum henta þeir ekki til að hafa stjórn á litlum hóp af óþekktum kindum. Ef hundur sem er að vinna að fjallafálum hefur ekki allan hugann við þær [hann verður að pissa seinna] finna óþekkar kindur það um leið og eins líklegt að þrær rjúki út í veður og vind. Hundur sem ekki hefur hugann við kindurnar sem hann er að smala í fjárhundakeppni nær ekki langt. Vönduð vinnubrögð eru líklegugst til að duga til að ná fjallafálum, vönduð vinnubrögð gefa hæstu einkunn í fjárhundakeppni. Fjárhundakeppni eins og hún verður hér í sumar er svipuð og unghundakeppni í Skotlandi. Íslenskir smalar ættu að sýna þann metnað að temja hundana sína það vel að þeir geti tekið þátt í svona keppni. Ég veit að margir eiga hunda sem með nokkurri æfingu smala og hunds gætu komið í keppni í haust.

**Vel ræktaður Border Collie á það skilið að vera taminn.**

Gunnar Einarsson 1998